

**1990 nr. 73 18. maí****Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins**

Tóku gildi **31. maí 1990**. Breytt með l. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), l. 101/2000 (tóku gildi 6. júní 2000), l. 68/2008 (tóku gildi 12. júní 2008), l. 36/2011 (tóku gildi 19. apríl 2011; EES-samningurinn: XX, viðauki tilskipun 2000/60/EB, 2006/118/EB, 2008/105/EB, 2009/90/EB), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 131/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012) og l. 10/2012 (tóku gildi 15. febr. 2012).

■ **1. gr.** Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotsinum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

□ Hugtakið auðlind samkvæmt lögum þessum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotsins annarra en lifandi vera.

□ [Hugtakið netlög merkir í lögum þessum sjávarbotn 115 metra út frá stórrstraumsfjöruborði landareignar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 101/2000, 1. gr.

■ **2. gr.** Enginn má leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotsinum utan netlaga, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi [Orkustofnunar].<sup>1)</sup>

□ [[Orkustofnun]]<sup>2)</sup> er heimilt að veita leyfishafa fyrirheit um forgang að leyfi skv. 3. gr. í allt að tvö ár eftir að gildistíma leyfis til leitar er lokið og um að öðrum aðila verði ekki veitt leyfi til leitar á þeim tíma.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/2012, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 131/2011, 10. gr. <sup>3)</sup> L. 101/2000, 2. gr.

■ **3. gr.** Óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi [Orkustofnunar].<sup>1)</sup>

□ [[Orkustofnun]]<sup>1)</sup> er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir töku eða nýtingu sem [hún]<sup>2)</sup> heimilar skv. 1. mgr. Tekjum af leyfum skal að jafnaði varið til hafsbots- og landgrunnsrannsókna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/2012, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 131/2011, 10. gr. <sup>3)</sup> L. 101/2000, 3. gr.

■ **4. gr.** Leyfi til hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skal bundið við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma sem ekki má vera lengri en 30 ár. Í leyfisbréfi skal m.a. ætlið greina hverjar ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar.

□ [Við veitingu leyfa samkvæmt lögum þessum skal gætt ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum.]<sup>1)</sup>

□ [Ef sýnt er fram á með gögnum að umhverfismarkmið, sett á grundvelli laga um stjórn vatnamála, náiist ekki er í sérstökum tilvikum heimilt að endurskoða leyfi eða setja ný skilyrði vegna umhverfismarkmiða. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún ylli að öðru leyti.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 101/2000, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 36/2011, 32. gr.

■ **5. gr.** Með reglugerð<sup>1)</sup> skal [ráðherra]<sup>2)</sup> setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari ákvæði um þau leyfi sem um ræðir í 3. og 4. gr.

□ [Í reglugerð skal tilgreina helstu ákvæði sem fram skulu koma í leyfunum, m.a. um tímabundin leyfis, staðarmörk vinnslusvæða, gerð efnis, magn og nýtingarhraða ef um nýtingarleyfi er að ræða, upplýsingaskyldu og skil gagna, öruggis- og umhverfisráðstafanir, eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti og leyfisgjald. ]

□ Í reglugerð skal einnig kveðið á um þau atriði sem umsækjandi skal tiltaka í umsókn um leitar- og rannsóknarleyfi skv. 2. gr. og í umsókn um vinnsluleyfi skv. 3. gr.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 290/2012. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 145. gr. <sup>3)</sup> L. 101/2000, 5. gr.

■ **[6. gr.]** [Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturkóllun leyfa samkvæmt lögum þessum sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmæðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina. ]

□ Stjórnvaldsákvæðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.]<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 131/2011, 11. gr. <sup>2)</sup> L. 68/2008, 2. gr.

■ **[7. gr.]<sup>1)</sup>** Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða [fangelsi allt að 2 árum],<sup>2)</sup> enda liggi ekki við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

<sup>1)</sup> L. 68/2008, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 82/1998, 197. gr.

■ **[8. gr.]<sup>1)</sup>** Lög þessi öðlast þegar gildi.

<sup>1)</sup> L. 68/2008, 2. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.** Þeir, sem við gildistöku laganna taku efni af eða úr hafsbotni, skulu innan sex mánaða sækja um leyfi skv. 4. gr.

■ **[II.]** Þeir sem hafa leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skulu halda þeim í fimm ár frá gildistöku laga þessara.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 101/2000, 6. gr.